



Skottur og mórar

(texti fenginn af Vísindavefnum og úr lesbók Morgunblaðsins 29. 01. 2000)

Draugar eru sá hópur dáiinna manna sem fyrir einhverjar sakir ganga aftur. Þetta er allstór og misleitur hópur s.s. svipir, afturgöngur, vofur, fylgjur, gangárar, staðárar og uppvakningar. Fylgjur, svipir og vofur eru loft- eða draumkenndar verur og virðast ótengdar efnislíkamanum. Trú manna á drauga var almenn fyrr á öldum og fáir drógu tilveru þeirra í efa. Menn hræddust drauga og fundu allskonar ráð og aðferðir til að verjast og sigrast á þeim.

Efnislegir draugar skiptast í tvo hópa þ.e. afturgöngur og uppvakninga. Afturganga er draugur sem fer á kreik af sjálfsdáðum en uppvakningur er aftur á móti sá sem fyrir tilstuðlan annars manns eða manna er hrifinn úr gröf sinni til einhvers konar þjónustu. Þessir draugar eru nefndir sendingar. Báðar þessar gerðir drauga eru tengdir jarðlíkama sínum og koma fram í líkamlegu ástandi. Tegundir drauga eru margar og uppruni þeirra breytilegur. Fyrsta má telja þá sem nefnast **afturgöngur**. Þeir ganga aftur af sjálfsdáðum til dæmis ef þeim finnst illa farið með bein sín eða ef þeir sakna peninga sinna eða annars sem þeir höfðu ofurást á í lífinu. Af þeim toga eru bæði **útburðir og fépúkar**. Mest kveður þó að þeim sem ganga aftur af heift eða girnd til einhvers og sækja að honum eða henni eftir dauðann.

Uppvakningar og sendingar eru hins vegar særðir upp úr gröf sinni af fjölkunnugum mönnum og sendir öðrum til meins. Það er því ekki að undra þótt þeir séu bæði skapvondir og úrillir þegar verið er að raska ró þeirra sem liggja í friði. Fyrir kemur einnig að dýr séu vakin upp og mögnuð. Ef ekki tekst að koma afturgöngum og uppvakningum fyrir geta þau orðið fylgjur og birtast þá ýmist með eigin ásýnd eða sem svipir og vofur og þá jafnvel í margra kvikinda líki. Sumar halda sig við ákveðinn stað og kallast þá líka **staðárar**. Slíkir draugar eru heldur meinlausari en hinir sem eru á sífelldum erli og kallast **gangárar**. Í þeim hópi eru ýmsar ættarfylgjur eins og **mórar og skottur**.

Mórar eru karldraugar, oftast í mórauðri peysu, úlpu eða mussu. Þeir voru ýmist með kolllágan barðastóran hatt eða lambhúshettu og stungu þá öllum hausnum út um hettuopið en létu kollinn slúta aftur á bakið. Sumir þeirra gengu við broddstaf. Kvendraugar nefnast oft **skottur** og er ástæðan talin sú að þær báru gamla íslenska kvenhöfuðbúnaðinn, en skautið

var mórætt og faldkrókurinn beygðist aftur en ekki fram. Stundum lafði skautið jafnvel niður á milli herða líkt og skott. Oft voru þær í rauðum sokkum og sugu á sér fingur.

Frægasti draugur íslenskra miðaldabókmennta er án efa **Glámur** en frá honum segir í Grettis sögu. Í lifanda lífi er Glámi lýst sem svo að hann hafi verið „mikill vexti ok undarligri í yfirbragði, gráeygr ok opineygr, úlfgrár á hárslit“ (Grettis saga Ásmundarsonar 1936: 110). Eftir að Glámur er dauður og afturgenginn er þess getið að hann sé „ólíkr nokkurri mannligri mynd,“ með höfuð „afskræmiliga mikit ok undarliga stórskorit.“

Eins og fyrr segir eru afturgöngur draugar sem rísa úr gróf sinni af sjálfsdáðum. Sumar ganga aftur í andlátinu sjálfu en margar þeirra liggja kyrrar þangað til búið er að jarða þær. Þeir sem helst gengu aftur voru menn sem áttu miklu heimsláni að fagna og gátu illa skilið sig frá því eftir dauðann. Galdrmenn þóttu mjög varasamir og þurfti oft að beita brögðum svo að þeir gengju ekki aftur. Flestar afturgöngur eru þó hrein fúlmenni sem ganga aftur af heift og hefndarhug. Dæmi eru um afturgöngur eru svokallaðir aurapúkar sem elskuðu fé sitt svo mikið að þeir gátu ekki skilið sig við það. Þeir verja þá féð að fullum krafti.

Sagan um djáknann á Myrká sýnir draug sem þráir unnustu sína svo mikið að hann rís úr gróf sinni og ríður hesti til að sækja hana og flytja yfir móðuna miklu. Máninn líður, dauðinn ríður, sérðu ekki hvítan blett á hnakka mínum, Garún, Garún?

Afturgöngur náðu stundum að koma fram vilja sínum í þessum málum sem öðrum. Í nokkrum sögum er þess getið að draugur hafi getið barn með konu. Börn þessi áttu að vera einkar vel gefin og vanalega lærðu þau til prests. Þegar prestur sá messaði í fyrsta sinn var hætta á að kirkjan sykki í jörð með söfnuði og öllu saman.

Ekki eru allir sammála um hvernig vekja skal draug en í þjóðsögum Jóns Árnasonar má finna eftirfarandi lýsingu. „Fyrst skal þess gætt að það sé gert að nóttu til, sem er milli föstudags og laugardags og það sé milli 18., 19. eða 28. og 29. mánaðardags. Það er sama í hvaða mánuði eða viku það er. Særingarmaðurinn skal kvöldið áður hafa snúið faðirvorinu öfugt og skrifað það niður á blað eða skinn með keldusvínsfjöður úr blóði sínu sem hann tekur úr vinstri handlegg. Einnig skal hann rista rúnir á kefli. Fer hann svo með hvort tveggja út í kirkjugarð um miðnætti og gengur að því leiði sem hann hefur valið. Þykir ráð að velja fremur hin minni. Leggur hann keflið á leiðið og veltir því fram og aftur og þylur öfugt faðirvorið ásamt töfraformúlum. Þegar leiðið fer að ókyrrast, birtast ofsjónir á meðan draugurinn er að mjakast upp. Uppvakningar eru sárnaðugir að hreyfa sig og gengur þetta

því seint fyrir sig. Draugurinn biður særingarmanninn að leyfa sér að liggja í friði en ekki má særingarmaðurinn gefa undan né láta sér bregða við ofsjónirnar. Hann skal halda áfram við gjörninginn uns draugurinn er kominn hálfur upp. Þá skal spyrja hann tveggja spurninga en ekki þriggja því þá hverfur draugurinn niður aftur, fyrir þrenningunni. Fyrsta spurningin er vanalega hver hann hafi verið í lífinu og sú seinni hversu hraustur hann sé. Ef draugurinn segist hafa verið meðalmaður eða meir er ráðlegt að hætta, því það liggur fyrir særingarmanni að takast á við drauginn. Draugar eru ákaflega sterkir og sagt er að þeir magnist um helming umfram það sem þeir voru í jarðlífinu. Þegar draugurinn hefur komið alveg upp úr gröfinni hefjast slagsmálin við drauginn. Hafi draugurinn betur dregur hann særingarmanninn með sér niður í gröfina. Hafi særingarmaðurinn betur er draugurinn skyldugur til að þjóna honum.

Varnir gegn draugum:

Talið var gott að bera grájurt, öðru nafni fjandafælu (*Omalotheca norvegica*) milli brjóstanna eða í höfuðfati til varnar gegn draugum. Tilvalið þótti að brenna surtarbrand eða grafa hann í gólf þar sem reimt var. Einnig var talið heillaráð að steypa hlandi yfir drauga og höfðu margar kerlingar koppinn sinn með einhverjum leka við rúmið svona til öryggis. Björn Halldórsson (1724-1794) í Sauðlauksdal taldi best að spýta duglega frá sér, snúa svo að þeim rassinum og reka duglega við. Einnig þótti gott að skjóta á drauga með silfurhnöppum en þar sem þeir voru ekki á hvers manns færi mátti allt eins notast við lambaspörð eða rekla af grávíði (*Salix callicarpaea*). Dæmi voru þess að menn hafi kveðið niður drauga með góðri vísu eða sálmi.

Draugatrú hefur tekið þá stefnu nú í seinni tíð að þeir virðast ótengdari jarðlíkamanum. Þeir eru farnir að líkjast meira vofum sem svífa um stofur og ganga. Draugar virðast ekki lengur vera fastir fyrir og líkamlegir en eru frekast að þynnast upp og verða að gufu.